

Lagabreytingatillögur og framboð í stjórn

Stjórn Tilveru hefur farið í allsherjar endurskoðun á lögum félagsins. Hér með kynnum við þær breytingartillögur sem lagðar eru fram eftir þessa endurskoðun. Þetta eru yfirgripsmiklar breytingar þar sem sjónarmiðið var fyrst og fremst að einfalda lögina. Kosið verður um þessar lagabreytingartillögur á aukaaðalfundi þriðjudaginn 13. apríl. Staðsetning fundarins verður auglýst síðar. Núverandi lög Tilveru má finna á heimasíðu félagsins: http://www.tilvera.is/index.php?option=com_content&task=view&id=66&Itemid=60

Vegna persónulegra aðstæðna eru þrír stjórnarmenn að ganga úr stjórn og munum við því nýta tækifærið og kjósa inn nýja einstaklinga sem myndu skuldbinda sig til setu fram að næsta aðalfundi í október. Seta í stjórn Tilveru er einstaklega gefandi, enda sýnir það sig að flestir sitja í stjórninni í þó nokkur ár. Starfið er einkum unnið á Netinu og eru stjórnarfundir að jafnaði einu sinni í mánuði. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í stjórn félagsins hafi samband í tölvupósti á tilvera@tilvera.is.

Eftirfarandi eru lagabreytingatillögur á lögum Tilveru, samtaka um ófrjósemi, sem verða bornar undir félagsmenn á aukaaðalfundi 13. apríl 2010. Breytingar eru auðkenndar með feitletrun, þó eru úrfellingar ekki auðkenndar:

4. grein: "Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á heimasíðu félagsins www.tilvera.is og eftir atvikum með tilkynningum í fjölmiðlum og tölvupósti til félagsmanna ef ástæða þykir til. Boðað skal til aðalfundar með minnst sjö daga fyrirvara og skal þar koma fram dagsetning fundarins, dagskrá, sbr. 7. grein og fundarstaður."

Er sameinuð 3. grein og verður svohljóðandi: "Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á heimasíðu félagsins www.tilvera.is og eftir atvikum með tilkynningum í fjölmiðlum og tölvupósti til félagsmanna ef ástæða þykir til. Boðað skal til aðalfundar með minnst sjö daga fyrirvara og skal þar koma fram dagsetning fundarins, dagskrá og fundarstaður."

Rökstuðningur: Einföldun

5. grein: "Hagnaði af starfsemi Tilveru skal eingöngu varið til rekstrar Tilveru og annarra verkefna á vegum félagsins." verður 12. grein

Rökstuðningur: Efni hennar er þar í betra samhengi.

6. grein: "Þeir félagsmenn sem standa í skilum á félagsgjöldum sínum hafa rétt til setu á aðalfundi með fullum réttindum, þ.m.t. atkvæðisrétti. Stjórnin getur veitt öðrum félagsmönnum rétt til setu á aðalfundi, með fullum réttindum eða án atkvæðisréttar. Fyrirkomulagið skal auglýst í upphafi fundar og ef þurfa þykir, í aðalfundarboði."

Breytist í: "Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir einir sem standa í skilum á félagsgjöldum." Og greinin er sameinuð 3. grein.

Rökstuðningur: Einföldun og við viljum ekki takmarka setu á aðalfundi við þá sem hafa borgað félagsgjöld og útiloka þar með þá sem koma til að skrá sig í félagið, þá sem ekki hafa borgað en ætla sér það og þá sem mæta til að hlusta á fræðslufundi sem hefð er orðin fyrir að sé í beinu framhaldi af aðalfundi.

7. grein:

"Á dagskrá aðalfundar skulu vera venjuleg aðalfundarstörf, þ.e.:

1. Setning fundar og dagskrá kynnt.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
4. Umræða um skýrslu stjórnar.
5. Skoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
6. Umræða um reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.
7. Skýrslur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
8. Tillögur/lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagsmönnum.
9. Kjör stjórnar og varamanna.
10. Kjör skoðunarmanna reikninga.
11. Önnur mál.
12. Fundarslit."

Breytist í:

"Dagskrá hans skal vera þessi:

1. Setning fundar og dagskrá kynnt.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar og umræða.
4. Skoðaðir reikningar lagðir fram og bornir upp til samþykktar.
5. Skýrslur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
6. Tillögur/lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagsmönnum.
7. Kjör stjórnar, varamanna og skoðunarmanns reikninga.
8. Önnur mál."

Greinin er sameinuð 3. grein.

Rökstuðningur: Einföldun.

8. grein: "Rétt boðaður aðalfundur er löglegur, án tillits til fundarsóknar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema þar sem annars er getið í lögum þessum."

Breytist í: "**Telst hann löglegur sé rétt til hans boðað.**" Greinin er sameinuð 3. grein.

Rökstuðningur: Einföldun

9. grein: "Aukaaðalfund skal halda ef meirihluti stjórnar eða fimmtungur félagsmanna í félaginu óskar þess. Fundurinn skal boðaður með minnst viku fyrirvara. Sitja þeir stjórnarmenn sem þar eru kosnir til næsta reglulega aðalfundar." Er sameinuð 3. grein.

3. grein: "Aðalfundur Tilveru fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda árlega og skal að jafnaði ekki halda síðar en 1. nóvember hvert ár. Staðsetning fundarins skal vera á höfuðborgarsvæðinu." Verður svohljóðandi eftir að allar hinar greinarnar hafa verið sameinaðar við hana:

"Aðalfundur Tilveru fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda árlega og skal að jafnaði ekki halda síðar en 1. nóvember hvert ár. Staðsetning fundarins skal vera á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á heimasíðu félagsins www.tilvera.is og eftir atvikum með tilkynningum í fjölmiðlum og tölvupósti til félagsmanna ef ástæða þykir til. Boðað skal til aðalfundar með minnst sjö daga fyrirvara og skal þar koma fram dagsetning fundarins, dagskrá og fundarstaður. Telst hann löglegur sé rétt til hans boðað.

Dagskrá hans skal vera þessi:

1. Setning fundarins og dagskrá kynnt.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar og umræða.
4. Skoðaðir reikningar lagðir fram og bornir upp til samþykktar.
5. Skýrslur nefnda sem kjörnar hafa verið.
6. Tillögur/lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagsmönnum.
7. Kjör stjórnar, varamanna og skoðunarmanns reikninga.
8. Önnur mál.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir einir sem standa í skilum á félagsgjöldum.

Aukaaðalfundur skal halda ef meirihluti stjórnar eða fimmtungur félagsmanna í félaginu óskar þess. Fundurinn skal boðaður með minnst viku fyrirvara. Sitja þeir stjórnarmenn sem þar eru kosnir til næsta reglulega aðalfundar."

Rökstuðningur: Sameining þessara 7 greina er einföldun, óþarfi að hafa þetta í svona mörgum greinum.

10. grein: "Félagi getur hver sá orðið sem áhuga hefur á markmiðum félagsins og gengst undir lög þessi."

Verður að 4. grein og breytist eftirfarandi: "**Félagar í Tilveru geta orðið þeir einstaklingar, félög og fyrirtæki, sem vilja styðja við markmið félagsins og gangast undir lög þessi. Heiðursfélagar geta þeir orðið sem unnið hafa sérstakt starf að málefnum tengdum ófrjósemi. Stjórn tekur ákvörðun um kjör heiðursfélaga og er því lýst á aðalfundi.**"

Rökstuðningur: Viljum gera ráð fyrir að fleiri en einstaklingar geti orðið félagar og við viljum hafa möguleika til að velja heiðursfélaga.

11. grein: "Reikningsár félagsins er frá 1. nóvember til 31. október næsta ár. Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi ár hvert og félagsgjöld skulu innheimt í febrúar á hverju starfsári. Sé félagsgjald ekki greitt fyrir 1. maí ár hvert missi félagi atkvæðisrétt í málefnum félagsins, uns hann hefur gert full skil. Hafi félagsgjald ekki verið greitt í heilt starfsár fellur félagi af félagaskrá, nema hann óski eftir áframhaldandi aðild að félaginu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja."

Verður 5. grein og breytist svohljóðandi: "**Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september** næsta ár. Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi ár hvert og félagsgjöld skulu innheimt í febrúar á hverju starfsári. Sé félagsgjald ekki greitt fyrir 1. maí ár hvert missi félagi atkvæðisrétt í málefnum félagsins, uns hann hefur gert full skil. Hafi félagsgjald ekki verið greitt í **tvö** starfsár fellur félagi af félagaskrá, nema hann óski eftir áframhaldandi aðild að félaginu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Rökstuðningur: Þar sem aðalfundurinn skal vera haldinn fyrir 1. nóvember og því yfirleitt haldinn í október er nauðsynlegt að reikningsárið klárast áður en aðalfundur er haldinn svo hægt sé að gera það upp. Tvö starfsár: viljum gefa fólki lengra tækifæri áður en það fellur af félagaskrá.

12. grein breytist í 6. grein

13. grein: "Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda, auk tveggja varamanna í stjórn. Stjórn getur falið varamönnum ákveðin tilgreind verkefni. Varamenn skulu sitja alla stjórnarfundir félagsins. Kjósa skal stjórnina til tveggja ára í senn. Kosið skal í tvö embætti annað árið og þrjú embætti hitt árið, varamenn skulu kosnir á hverju ári. Þurfi stjórnar-meðlimur að hverfa frá störfum eftir aðal-fund tekur varamaður við störfum hans og stjórnin getur valið sér nýjan varamann. Þó með þeim formerkjum að viðkomandi getur ekki tekið við störfum aðalmanna í stjórn.

Á aðalfundi árið 2005 þegar breyting þessi er samþykkt skal kjósa í þrjú embætti til eins árs og tvö embætti til tveggja ára og mun stjórnin skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund."

Breytist í 7. grein og verður sem hér segir: "**Stjórn félagsins fer með framkvæmd mála milli aðalfunda og skal þannig skipuð: Formaður, kosinn sérstaklega. Fjórir aðrir í aðalstjórn (varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi) og tveir varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund.** Stjórn getur falið varamönnum ákveðin tilgreind verkefni. Varamenn skulu sitja alla stjórnarfundir félagsins.

Kjósa skal stjórnina til tveggja ára í senn. Kosið skal í tvö embætti annað árið (**ár sem enda á oddatölu**) og þrjú embætti hitt árið (**ár sem enda á sléttri tölu**), varamenn skulu kosnir á hverju ári. Þurfi stjórnarmeðlimur að hverfa frá störfum eftir aðalfund tekur varamaður við störfum hans og stjórnin getur valið sér nýjan varamann. Þó með þeim formerkjum að viðkomandi getur ekki tekið við störfum aðalmanna í stjórn. **Formaður og gjaldkeri verða að hafa setið í eitt ár í stjórn félagsins áður en þeir eru kjörnir til þeirra embætta.**

Stjórn félagsins er einnig heimilt að ráða stafsfólk ef þurfa þykir."

Rökstuðningur: Formaður kjörinn sérstaklega: Við viljum gefa félögum tækifæri til þess að kjósa formann sinn sem og samræming því annarsstaðar í lögunum er gert ráð fyrir því að formaðurinn sé kjörinn sérstaklega. Formaður og gjaldkeri hafi setið amk. í eitt ár: Formaðurinn er yfirleitt andlit félagsins og gjaldkera er treyst fyrir þónokkrum fjármunum. Því er gott að þeir sem taka að sér þessi störf viti í hverju staf stjórnarinnar felst og að vitað sé (eins og hægt er) að þeim sé treystandi til þessara starfa. Heimild til ráðningar stafsfólks: Gott er að hafa þann möguleika.

14. grein: " Framboð þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en við upphaf aðalfundar. Berist ekki framboð í öllum embætti stjórnar er leyfilegt að kalla eftir tillögum á aðalfundinum sjálfum. Við kosningar eru þeir réttkjörnir sem flest atkvæði fá. Verði atkvæði jöfn í framboðskosningum þá ræður hlutkesti nema í formannskosningum, þar skal kosið á ný um tvo efstu framboðendur."

Verður 8. grein og breytist eftirfarandi: "Framboð þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en við upphaf aðalfundar. Berist ekki framboð í öll embætti stjórnar er leyfilegt að kalla eftir tillögum á aðalfundinum sjálfum.

Við kosningar eru þeir réttkjörnir sem flest atkvæði fá. Verði atkvæði jöfn í framboðskosningum þá ræður hlutkesti."

Rökstuðningur: Óþarfi að hafa þetta öðruvísi í formannskosningum, sérstaklega þar sem núverandi lög gera ekki ráð fyrir því að atkvæði geti verið jöfn milli tveggja frambjóðenda í formannskosningu og gefur því enga lausn þar.

15. grein: "Skoðunarmaður reikninga skal kjörinn á aðalfundi til eins árs í senn. Kosning skal fara fram skriflega sé þess óskað. Hlutverk hans er að yfirfara bókhald félagsins fyrir aðalfund og eina krafan sú að viðkomandi má ekki hafa bein tengsl við gjaldkera félagsins."

Verður 9. grein og verður svohljóðandi: "Skoðunarmaður reikninga skal kjörinn á aðalfundi til eins árs í senn. Kosning skal fara fram skriflega sé þess óskað. Hlutverk hans er að yfirfara bókhald félagsins fyrir aðalfund og eina krafan sú að viðkomandi **hafi ekki** bein tengsl við gjaldkera félagsins."

Rökstuðningur: Þetta er smá orðalagsbreyting, fallelgrí íslenska.

16. grein: "Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd þess milli aðalfunda og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Stjórnin mótar starfsemi félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Samþykki aðalfundar þarf þó fyrir fjárskuldbindingum og ráðstöfun lausafjármuna sem nema hærri upphæðum en árgjöldum yfirstandandi árs.

Milli aðalfunda getur stjórn boðað til sérstaks félagsfundar til að fá samþykki fyrir ráðstöfun lausafjármuna að hærri upphæðum. Til slíks fundar skal boðað á sama hátt og aðalfundar. Á þeim fundi hafa allir félagar jafnan atkvæðisrétt."

Verður 10. grein og svohljóðandi: "Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd þess milli aðalfunda og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Stjórnin mótar starfsemi félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum þess."

Rökstuðningur: Ef stjórnin hefur í höndum lausafjármuni sem eru hærri en árgjöld yfirstandandi árs er það væntanlega vegna þess að stjórnin hefur aflað þessar fjármuna, td. með því að sækja um styrki. Stjórninni ætti því að vera treystandi til þess að ákveða í hvað þeir fjármunir fara, enda eru yfirleitt styrktarfjárhæðir ætlaðar ákveðnum verkefnum.

17. grein verður 11. grein.

5. grein kemur hér inn og verður 12. grein.

18. grein: "Stjórnarfundir skulu að jafnaði vera opnir félagsmönnum Tilveru og öðrum þeim sem aðhyllast markmið samtakanna sem sitja þá fundi með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin getur þó ákveðið að veita fundargestum atkvæðisrétt í afgreiðslu mála ef tilefni er til þess." Fellur alveg út.

Rökstuðningur: Oft á tíðum er verið að ræða trúnaðarmál á stjórnarfundum og því ekki hægt að hafa þá opna öllum félagsmönnum. Þetta ákvæði hefur heldur ekki verið nýtt hingaðtil.

19. grein: "Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar til þeirra og stýrir þeim nema annað sé ákveðið. Formaður fer með oddaatkvæði ef atkvæði verða jöfn. Stjórnarfundur skal að jafnaði boða með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Óski þriðjungur stjórnar eftir fundi þar að halda hann innan viku frá því formanni berst slík ósk skriflega." verður 13. grein og svohljóðandi: " Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þurfa þykir, **að jafnaði einu sinni í mánuði**. Formaður boðar til þeirra og stýrir þeim nema annað sé ákveðið. Formaður fer með oddaatkvæði ef atkvæði verða jöfn. Stjórnarfundur skal að jafnaði boða með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Óski þriðjungur stjórnar eftir fundi þar að halda hann innan viku frá því formanni berst slík ósk skriflega. "

Rökstuðningur: Þetta hefur verið verklagsregla og gott að hafa hana svart á hvítu í lögum félagsins.

20. grein verður 14. grein.

21. grein verður 15. grein.

22. grein: "Nú kemur fram tillaga um vantraust á stjórn félagsins, og skal þá sérstakur aukaaðalfundur boðaður, sbr. 4. grein og 8. grein, þar sem vantrauststillagan er borin til atkvæða. Fundarboð skulu vera send út innan 7 daga frá því að vantrauststillagan kemur fram. Nái vantraust fram að ganga á þeim fundi skal í kjölfarið kjósa bráðabirgðastjórn samtakanna samkvæmt fundarsköpum félagsins sem situr fram að næsta aðalfundi. Sömu reglur gilda ef stjórn Tilveru segir af sér."

Verður 16. grein og svohljóðandi: "Nú kemur fram tillaga um vantraust á stjórn félagsins, og skal þá sérstakur aukaaðalfundur boðaður, sbr. **3. grein** þar sem vantrauststillagan er borin til atkvæða. Fundarboð skulu vera send út innan 7 daga frá því að vantrauststillagan kemur fram. Nái vantraust fram að ganga á þeim fundi skal í kjölfarið kjósa bráðabirgðastjórn samtakanna samkvæmt fundarsköpum félagsins sem situr fram að næsta aðalfundi. Sömu reglur gilda ef stjórn Tilveru segir af sér."

Rökstuðningur: Breytingar vegna sameiningu greina.

23. grein: " Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn félagsins í síðasta lagi vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar í aðalfundarboði á heimasíðu félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og teljast auð atkvæði með í fjölda greiddra atkvæða."

Verður 17. grein og svohljóðandi: "Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn félagsins í síðasta lagi **þremur** vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar í aðalfundarboði á heimasíðu félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og teljast auð atkvæði með í fjölda greiddra atkvæða."

Rökstuðningur: Þarna vantaði vikufjöldann inn í lögin.

24. grein verður 18. grein.

25. grein verður 19. grein.

26. grein: "Lög þessi öðlast þegar gildi."

Verður 19. grein og svohljóðandi: "**Með lögum þessum falla úr gildi eldri lög félagsins frá 1. nóv. 2005 með áorðnum breytingum. Lög Tilveru, samtaka um ófrjósemi eru þannig breytt á aukaaðalfundi 13. apríl 2010.**"

Rökstuðningur: Nákvæmara orðalag